

REGLUGERÐ**um afnám línuveiðibanns í Faxaflóa.**

1. gr.

Frá og með 3. apríl 1992 er felld úr gildi reglugerð nr. 98, 9. mars 1992, um bann við línuveiðum á Búðagrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. apríl 1992.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

9. mars 1992

Nr. 119

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá nr. 600/1989 fyrir heilbrigðiseftirlit
Norðurlandssvæðis vestra með síðari breytingu.**

1. gr.

4. gr. hljóði svo:

Fyrir ný rekstrarleyfi og leyfi til skemmri tíma, skv. 9. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 725
2. flokkur	kr. 1 725
3. flokkur	kr. 3 120
4. flokkur	kr. 6 209
5. flokkur	kr. 9 308
6. flokkur	kr. 12 418

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 5. gr. sömu laga, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 2 583
2. flokkur	kr. 5 165
3. flokkur	kr. 10 331
4. flokkur	kr. 20 661
5. flokkur	kr. 42 387
6. flokkur	kr. 61 983

3. gr.

6. gr. hljóði svo:

Fyrir hvert vottorð, umsögn eða eiturbeiðni, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té, greiðast kr. 1 300. Tímakaup vegna þjónustuverkefna skal vera 1 600,00 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983 um þorskfisknet.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet, sbr. reglugerð nr. 268 12. maí 1989, er heimilt að leggja þorskfisknet með 6 þumlunga möskvastærð 4. apríl 1992.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1992.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur;
landnotkun lóðar að Tindaseli 1.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. mars 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóðinni nr. 1 við Tindasel breytist úr stofnanalóð í blandaða notkun stofnana og íbúða.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 17. mars 1992.

F. h. r.

Páll Línadal.

Hrafn Hallgrímsson.